

Fundargerð

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
Þriðjudaginn 10. sept. 2024 kl. 17:00
Fundinum var einnig streymt á „Teams“**

Mætt voru: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Konráð K. Baldursson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Kristín Helga Schiöth.
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Fundargerð framkvæmdahóps stjórnar Eyjafjarðardeildar frá 30. ágúst 2024.

Fundargerðin var send í tölvupósti til stjórnarfólks 2. september og var hún svo lögð fram á stjórnarfundum til umræðu og staðfestingar.

Deildarstjóri reifaði málið fyrir stjórnarmenn eins og staða þess er í dag og kynnti lausn á því.

2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2025 og staða bókhaldi

Það er nauðsyn á að hefja þessa vinnu sem fyrst því skil eru áætluð 15. nóv. n.k.

Deildarstjóri fór yfir stöðu bókhalds janúar – júní. Töluverð umræða var um hvaða alþjóðaverkefni Eyjafjarðardeildar myndi mögulega styrkja á þessu ári. Deildarstjóra var falið að afla upplýsinga frá landsskrifstofu um möguleg verkefni, munu þær upplýsingar verða lagðar fram á næsta fund stjórnar í október.

3. Útboð ríkisins vegna flóttamannaverkefnis.

Deildarstjóri fór yfir stöðu útboðsins. Tvö tilboð bárust í verkefnið og er beðið afgreiðslu málsins af hendi ríkisins.

4. Frú Ragnheiðarverkefnið

Deildarstjóri gerði grein fyrir þessum dagskrárlið.

Töluverð umræða varð um skaðaminnkunarverkefni og óskaði stjórnin eftir því að deildarstjóri myndi funda frekar með Velferðarsviði Akureyrar vegna verkefnisins.

5. Viðhald á húsnæði og lóð.

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

6. Starfsmannamál

Húsvörður hefur sagt upp störfum og hefur starfið verið auglýst aftur.

7. Formannafundur Rauða kross Íslands.

Formannafundur verður haldinn að Hellu 9. nóvember.

KJB
JBA
KVB
KBE
KFL

8. Dalvík, fataverkefnið og hugsanlegar breytingar á því.

Deildarstjóri er búinn að kynna fyrir sjálfboðaliðum á Dalvík mögulegar breytingar á fyrirkomulagi núverandi fataverkefnis á staðnum. Stefnan er að verkefnið á Dalvík verði sambærilegt verkefninu í Ólafsfirði þar sem vinaverkefni er rekið samhliða fataverkefninu. Nauðsyn er á því að fjölga sjálfboðaliðum til að geta sinnt vinaverkefni á Dalvík og vinnur starfsfólk deildarinnar nú að innleiðingu breytinganna.

Fundi slitið kl. 18:50

Þórunn K. Þórunn
Kristjana V. Valgeirsd.
K. Geirsson

Jón B. Hannesson
Mun. Rasmussen
Sigríður Stefánsdóttir
Kristinn Bjarnk G.